

## 364. Stjórnarfundur haldinn 16. desember 2010 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Þórður M. Kjartansson (ÞMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá ÍRB v/ tilnefningar á íþróttamönnum til kjörs á íþróttamanni Reykjanesbæjar 2010 og íslandsmeisturum Keflavíkur 2010.

### 3. Send bréf.

Engin.

### 4. Jólblað Keflavíkur.

EH skýrði frá því að búið væri að dreifa blaðinu í heimahús í Reykjanesbæ. EH skýrði frá kostnaði og tekjum blaðsins, en blaðið sendur undir sér. Stjórnarmenn ánægðir með hvernig til tókst. Framkvæmdastjóra þakkað fyrir gott blað.

### 5. Máefni knattspyrnudeildar.

EH las drög að samkomulagi SpKef Sparisjóðs og knattspyrnudeildar. Umræður um stöðu fjárhagsmála deildarinnar og önnur mál. Aðalstjórn hefur áhyggjur af fjárhagstöðu deildarinnar. EH, KG og ÞMK veitt fullt umboð til að undirrita samkomulagið fyrir hönd aðalstjórnar. Samkomulagið er fylgiskjal með þessari fundagerð.

### 6. Íþróttamaður Keflavíkur.

Farið var yfir tilnefningar deilda um kjör á íþróttamanni Keflavíkur. Ákveðið að Hörður Axel Vilhjálmsson körfuknattleiksmaður verði útnefndur íþróttamaður Keflavíkur í hófi í félagsheimilinu okkar að Sunnubraut 34 þriðjudaginn 28. desember kl. 20:00. Einnig verða útnefndir íþróttamenn hverjar deildar innan Keflavíkur. Framkvæmdastjóra falin undirbúningurinn.

### 7. Önnur mál.

EH skýrði frá að búið væri að flytja næstum allt af jarðhæð Hringbrautar 108 upp í nýja félagsheimili okkar að Sunnubraut. Búið að ræsta húsið að mestu.

EH kynnti leigusamning sem gerður verður við Guðbjörgu Jónsdóttur v/ leigunnar á Hringbraut 108. Nokkrar athugasemdir komu fram sem verða lagfærðar. EH veitt umboð til að skrifa undir leigusamninginn. ÞMK lýsti yfir áhyggjum sínum um fjárhagstöðu deilda og félagsins til næstu framtíðar. BI kom inn á að það vantaði ýmsa hluti í eldhúsið í félagsheimilinu svo sem hjólaborð til að geta tekið af borðum. Framkvæmdastjóra veitt heimild til að fjárfesta í slíku borði.

Næsti fundur boðaður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:05  
Fundinn ritaði SG